

94 ¼ hluta stofnfjárins. Fjórða hluta stofnfjárins má ræktunarsambandið taka að láni, 16. júlí ef þörf krefur.

Helmingur stofnfjárins er framlag ríkissjóðs til kaupa á ræktunarvélum þeim, sem jarðræktarsambandið kaupir, samkvæmt ákvæðum laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Renna þau framlög í stofnsjóð jafnóðum og þau eru greidd sem framlög til vélakaupanna.

6. gr.

Samþykkt þessari má aðeins breyta á aðalfundi, með minnst ⅓ atkvæðisbærra fundarmanna.

7. gr.

Um starfsemi og félagshætti alla gilda, að öðru leyti en því sem fyrir er mælt í 1.—5. gr. samþykktar þessarar, ákvæði laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar-samþykktir, og reglugerðar nr. 36 frá 20. febr. 1946, um jarðræktarsamþykktir.

8. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi, er hún hefur verið samþykkt af eftirtöldum aðilum:

1. fundum búnaðarfélaga þeirra, er að samþykkt standa samkv. 1. gr.;
2. lögmetum stofnfundi ræktunarsambandsins;
3. aukaaðalfundi Búnaðarsambands Borgarfjarðar;
4. er hún hefur hlotið staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem sett er samkv. lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febr. 1946, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin jarðræktarsamþykkt Búnaðarsambands Borgarfjarðar, nr. 81 frá 20. maí 1946.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. júlí 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

95

16. júlí

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Ræktunarsamband Mýramanna.

1. gr.

Búnaðarfélög þau í Mýrasýslu, er að samþykkt þessari standa, eru: Búnaðarfélag Borgarhrepps, Búnaðarfélag Borgarneshrepps, Búnaðarfélag Álftaneshrepps og Búnaðarfélag Hraunhrepps.

2. gr.

Tilgangur ræktunarsambandsins er að vinna að aukinni og bættri jarðrækt og öðrum umbótum á sambandssvæðinu, með því að eignast og gera út stórvirkar ræktunarvélar, svo sem beltadráttarvélar með víðeigandi verkfærum og önnur þau tæki, sem henta þykja.

3. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins skipa 5 menn og jafnmargir til vara. Skal einn maður kosinn af hverju búnaðarfélagi og einn af aðalfundi ræktunarsambandsins, allir til tveggja ára í senn, þó þannig, að eftir eitt ár gangi tveir menn af þeim

búnaðarfélagskjörnun úr stjórninni eftir hlutkesti. Stjórnin annast um kaup á vélum, 95 rekstur þeirra, tryggingu og reikningshald sambandsins og annað, sem við kemur 16. júlí rekstri þess.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

4. gr.

Aðalfundur ræktunarsambandsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Þar skulu eiga sæti og atkvæðisrétt stjórnarnefndarmenn allra búnaðarféлага á sambandssvæðinu, en opinn skal fundurinn öllum meðlimum búnaðarfélaganna. Á aðalfundi skulu lagðir fram endurskoðaðir reikningar ræktunarsambandsins, enda kys fundurinn tvo endurskoðendur og einn til vara til tveggja ára í senn. Að öðru leyti annast fundurinn öll venjuleg störf lögmæts aðalfundar.

5. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa að upphæð kr. 400 000.00 — fjögur hundruð þúsund —.

Stofnfjár skal aflað þannig:

Búnaðarfélag þau, er að samþykkt standa, leggja fram óafturkræft framlag $\frac{1}{4}$ hluta stofnfjárins. Fjórða hluta stofnfjárins má ræktunarsambandið taka að láni, ef þörf krefur.

Helmingur stofnfjárins er framlag ríkissjóðs til kaupa á ræktunarávélum þeim, sem jarðræktarsambandið kaupir samkvæmt ákvæðum laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Renna þau framlög í stofnsjóð jafn-óðum og framlög eru greidd.

6. gr.

Um starfsemi og félagshætti alla gilda, að öðru leyti en því, sem fyrir er mælt í 1.—5. gr. samþykktar þessarar, ákvæði laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktarsamþykktir, og reglugerðar nr. 36 frá 20. febr. 1946, um jarðræktarsamþykktir.

7. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi, er hún hefur verið samþykkt af eftirtöldum aðilum:

1. fundum búnaðarféлага þeirra, er að samþykkt standa samkv. 1. gr.;
2. lögmætum stofnfundi ræktunarsambandsins;
3. auka-aðalfundi Búnaðarsambands Borgarfjarðar;
4. er hún hefur hlotið staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febr. 1946, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin jarðræktarsamþykkt Búnaðarsambands Borgarfjarðar, nr. 81 frá 20. maí 1946.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. júlí 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.